

AUGLÝSING

um námskrá í íslensku fyrir útlendinga.

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út námskrá í íslensku fyrir útlendinga samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Námskráin er ætluð fullorðnum einstaklingum af erlendum uppruna sem setjast að á Íslandi og þarfnast kennslu í grunnatriðum tungunnar. Náminu er ætlað að gera nemendur í stakk búna til þess að eiga samskipti við vinnufélaga og stjórnendur fyrirtækja, njóta góðs af þeirri samfélagsþjónustu sem í boði er og taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Er námskrá þessi viðbót við námskrá, nr. 837/2008 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 2. september 2008.

2. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið beinir því til fræðsluaðila sem bjóða upp á framhaldsnám í íslensku fyrir útlendinga að þeir hafi námskrána til hliðsjónar við íslenskukennsluna svo að samræmis sé gætt milli einstakra námskeiðshaldara.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 4. janúar 2010.

Katrín Jakobsdóttir.

Þórhallur Vilhjálmsson.

Fylgiskjal.

Námskrá í íslensku fyrir útlendinga – framhald.

Inngangur.

Þessi námskrá er framhald á námskránni *Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám* sem kom út haustið 2008. Henni er ætlað að leiðbeina um kennslu í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna og eins og í fyrri námskrá er viðmiðunarrámi Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) hafður til hliðsjónar. Ramminn auðveldar og samræmir mat á tungumálakunnáttu og gerir tungumálakennsluna markvissari og skilvirkari. Ramminn gerir ráð fyrir sex kunnáttustigum: A1-A2-B1-B2-C1-C2. Áföngunum fimm í námskránni er ætlað að þjálfa þá færni sem samsvarar viðmiðunarramma B1-B2. Námskráin gerir ráð fyrir 300 kennslustundum.

1. Hlutverk námskrár.

Námskránni er ætlað að leiðbeina um íslenskukennslu fyrir útlendinga á fullorðinsaldri. Einn tilgangur hennar er að auðvelda samræmingu og mat á íslenskunáminu. Með samræmingu fæst frekari samfella í námsferlinu og námsmaður sem flyst milli landshluta getur gengið að því vísu að sömu kröfur eru gerðar til námsins hvar sem kennt er. Námskráin er sveigjanleg og styður við annað nám, t.d. starfstengt nám á vinnustað.

Með kennslu í íslensku fyrir útlendinga er stefnt að því að nemendur verði sem best í stakk búnir að taka virkan þátt í íslensku, lýðræðislegu þjóðfélagi. Því er lögð áhersla á að námsþættirnir snerti persónulega færni, félagslega færni og að lokum starfsfærni eftir því sem framast er unnt.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju, framandi umhverfi. Þeir hafa einnig verið mislengi á

Íslandi og fengið ólík tækifæri til að kynna íslenskri tungu. Námsgreinin íslenska sem annað/erlent tungumál er því ekki einungis tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í íslensku máli sem og menningarfærni og með því stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Þau fela í sér að nýja tungumálið sé lykili að íslensku, lýðræðislegu samfélagi, íslensku skólafarfi, íslensku atvinnuumhverfi og brú ólíka menningarheima.

Framhaldsnámskráin gerir ráð fyrir að nemendur sem vinna eftir henni hafi náð lokamarkmiðum fyrri námskrár. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum þátt-takenda. Aðbúnaður og aðstaða verða að hafa fullorðnu fólki.

Fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu skal beitt við kennsluna til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og til að æfa alla færniþætti. Til dæmis má nefna einstaklings- og para-vinnu, leiki, hópvinna, vettvangsferðir o.fl.

1.1 Færniþættir.

Markmið námskrárinnar taka mið af og er skipt eftir færniþáttum. Í námskránni er lögð áhersla á alla færniþætti tungumálanáms sem eru: skilningur (hlustun og lestur), talað mál og ritun. Í fyrri áföngum er mikil áhersla lögð á skilning og talað mál en í seinni hluta námsins fær ritunin meira vægi enda gerð sú krafa að nemendur hafi þá náð nokkuð góðu valdi á íslensku talmáli. Talað mál, lestur og hlustun eru mikilvægir þættir á öllum stigum námsins og textar stigþyngjast eins og eðlilegt má teljast eftir því sem líður á námið. Framburð er einnig nauðsynlegt að þjálfar í öllum áföngunum en gert er ráð fyrir að reglur um hljóðkerfi íslenskunnar séu kenndar í síðari áföngum þar sem auðveldara er að kenna þær þegar nemendur hafa forsendur til að skilja útskýringar um þær á íslensku. Sama má segja um aðrar málnotkunarreglur tungumálsins, s.s. málfræði og stafsetningu. Almenn skal leitast við að nýta raunefni eftir því sem kostur er í náminu, s.s. fréttafeni, bréf, auglýsingar, tónlist, sjónvarpsefni o.fl.

Mál og menning er samofin heild. Nauðsynlegt er að nemendur kynnist einnig daglegu lífi fólks, síðum, venjum og menningu landsins í tungumálanáminu. Með því eykst öryggi nemandans og hann á auðveldara með að skilja hið nýja samfélag.

1.2 Skipan náms.

Tungumálanámi má líkja við snjóbolta sem sífellt hleður utan á sig. Nemendur eru fljótir að öðlast grunnþekkingu en síðan hægist á framförum og það tekur æ lengri tíma að ná næsta færnistigi. Þannig er fólk fljótara að ná markmiðum viðmiðunarramma A en B. Sú færni sem gert er ráð fyrir að málnotandinn hafi eftir grunnnámið krefst þess að tungumálið sé einfaldað til að hann geti skilið það. Hann þarf hjálp og endurtekningu til að geta notað málið þannig að vel sé. Hins vegar gerir framhaldsnámskráin ráð fyrir því að við lok námsins geti málnotandinn skilið og notað tungumálið að mestu án hjálpar, einföldunar eða endurtekningar. Þó er þess vitaskuld ekki krafist að hann noti fullkomlega rétt mál. Nemendur á þessu stigi hafa öðlast meiri skilning á íslensku máli og geta leiðrétt sig og gert sig skiljanlega með því að umorða og endurtaka mál sitt.

Í þessari námskrá er náminu skipt upp í fimm heildstæða áfanga þar sem 60 kennslustundir liggja að baki hverjum áfanga. Fyrstu þremur áföngunum er ætlað að mæta markmiðum sem samsvara færnistigi B1 en í tveimur seinni áföngunum má segja að markmiðin samsvari B1-B2 enda eru þeir áfangar sérstaklega hugsaðir fyrir nemendur sem hafa áhuga á að dýpka þekkingu sína á íslensku máli, og vilja leggja áherslu á ritun og málfræði.

Fræðsluaðilum er heimilt að skipta náminu í fleiri en fimm áfanga. Hver áfangi hefur skýr, mælanleg lokamarkmið. Þeim fylgja færnimarkmið sem eru ekki tæmandi en er ætlað að vera leiðandi og ýta undir heildstæða kennslu. Í öllum áföngum er áherslan fyrst og fremst á daglegt mál og málskilning. Reynt skal eftir bestu getu að kenna rétt mál án þess að láta málfræðireglur stýra náminu. Í fyrstu þremur áföngum námskrárinnar (ÍFÚ 5, 6 og 7) heldur nemandinn áfram að auka við orðaforða og skilning sinn á íslensku máli um fjölbreytt efni, s.s. málefni hversdagsins, samfélagsmál og menningartengt efni. Í fjórða og fimmta áfanga námskrárinnar (ÍFÚ 8 og ÍFÚ 9) reynir meira á lesskilning og ritun og þjálfun málnotkunarreglna verður markvissari. Auk þess eru gerðar auknar kröfur til nemenda um notkun orðabóka og handbóka um íslenskt tungumál. Við val á námsefni þarf að taka mið af undirstöðu, þörfum og áhugasviði nemenda.

1.3 Námsmat.

Með námsmati er kannað að hve miklu leyti nemandi hefur náð settum markmiðum í viðkomandi áföngum. Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi, það gefur námsmanninum vitneskju um stöðu sína í færniþáttum málsins, hjálpar honum að gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum í náminu og er honum vegvísir í áframhaldandi námi. Nemandi skal hvattur til að vera meðvitaður um eigin árangur og setja sín eigin markmið í samræmi við niðurstöður námsmats.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu. Reynt skal að afla öruggar og víðtækrar vitneskju um árangur nemenda og fylgjast vandlega með því hvernig þeim gengur að ná þeim markmiðum sem námskráin og fræðsluaðilar setja. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir því hvaða leiðir í kennslu eru árangursríkar. Niðurstöður námsmats geta gefið kennara tilefni til þess að setja ný markmið, breyta niðurröðun námsefnis eða kennsluaðferðum.

Kennarar eru hvattir til þess að meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang og aðferðir við matið skulu þó vera í samræmi við markmið og kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat getur t.d. byggst á:

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra;
- frammistöðu í kennslustundum og árangri á hlutaprófum;
- munlegu lokaprófi;
- skriflegu lokaprófi þar sem við á;
- leiðarþókar-/ferilþókarþókar;
- frammistöðu/færni í vinnustaðanámi;
- sjálfsmati nemanda.

1.4 Vitnisburður.

Lagt er til að sérhverjum nemanda fylgi:

- a) Námsferilsskrá sem inniheldur m.a.: sjálfsmatslista eftir hvern áfanga, staðfestingu viðkomandi fræðslustofnunar á hvaða kennslustundafjölda viðkomandi hefur lokið og hver tímasóknin hafi verið. Í skránni er einnig að finna viðurkenningu á því að nemandi hafi staðist námsmat áfangans. Vitnisburðurinn er skriflegur.
- b) Mappa þar sem nemandi safnar saman þeim verkefnum, innan skólans sem utan, sem hann telur að varpað geti ljósi á leikni hans í íslensku máli.

Bent er á Evrópsku tungumálamöppuna (European Language Portfolio, ETM) sem byggist á viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Hún er hjálpartæki í tungumálanámi og kennslu sem miðar að því að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Hún er þrjúþætt og inniheldur tungumálapassa, námsferilsskrá og safnmöppu. Í námsferilsskrána setur nemandi sér markmið, getur skráð hugleiðingar sínar um námið og framvindu þess og þar eru einnig gáttlistar fyrir sjálfsmat.

1.5 Sveigjanlegt samspil.

Ekki verður hjá því komist að ætla að nemendur þurfi mislangan tíma til þess að ná markmiðum áfanganna fimm. En aukin ábyrgð nemandans á eigin námi, áhersla á kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki og námsefni við hæfi er ætlað að vera námsmanninum hvatning til dáða.

Þeir nemendur sem koma frá fjarlægum málsvæðum eða eiga undir högg að sækja við íslensku-námið, s.s. vegna ólæsis eða sértækra námsörðugleika, hafa sérstakar námsþarfir og þurfa hægari yfirferð. Fyrir þessa nemendur er æskilegt að gerðar séu einstaklingsáætlanir sem koma til móts við færni hvers og eins. Einstaklingsáætlun er formleg áætlun sem nemandi setur sér, fyrir ákveðið tímabil, í samvinnu við kennara sinn. Hún nær til þeirra meginmarkmiða sem nemandinn hyggst ná í náminu og þeirra leiða sem hann ætlar að fara og byggir á mati á stöðu hans. Áætlunin byggir á markmiðum námskrár eftir því sem kostur er og ýtir undir ábyrgð viðkomandi á eigin námsframvindu. Þar sem frammistaða nemandans er skráð í námsferilsskrá hans er mögulegt að geta þess ef einhver frávik eiga sér stað í sambandi við námsferlið.

Ef tilefni er til má einnig dýpka markmiðin og/eða bæta við markmiðum eftir því sem þörf krefur. Þess er þá getið í vitnisburði kennara. Nauðsynlegt er að þeir nemendur sem lakastan undirbúning hafa við upphaf námsins séu hvattir til áframhaldandi náms.

Gert er ráð fyrir möguleika á stöðumati þannig að nemendur eigi kost á að hefja nám í samræmi við getu sína og geti sleppt áföngum þegar sýnt er að þeir taki stórstígu framförum.

1.6 Lokamarkmið í framhaldsnámi í íslensku fyrir útlendinga (300 stundir).

Nemandi:

- geti fylgst með umræðum um kunnugleg efni þegar talað er á venjulegum hraða;
- geti lesið og skilið fjölbreytta texta t.d. greinar, dreifibréf og sögur um kunnug, menningarleg og samfélagsleg málefni;
- geti tekið þátt í samræðum af nokkru öryggi og gert grein fyrir hugmyndum og skoðunum sínum;
- geti notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli um kunnugleg efni, af nokkurri nákvæmni;
- hafi öðlast trú á eigin málhæfni í íslensku;
- hafi aukinn skilning á uppbyggingu íslenska málkerfisins;
- hafi aukinn skilning á íslenskri menningu og samfélagi.

2. 5. áfangi – 60 kennslustundir.

ÍFÚ 5.

2.1 Áfangalýsing.

Áfanginn miðast við þarfir þeirra sem hafa nokkuð góða undirstöðu í tungumálinu. Áfram er lögð áhersla á þætti sem tengjast daglegu lífi og þörfum fjölskyldu. Í því sambandi er kappkostað að efla orðskilning nemenda tengdan þeim aðstæðum sem upp geta komið í vinnu, skóla og daglegu lífi. Á sama hátt er áhersla lögð á að nemandi geti tjáð tilfinningar sínar og skoðanir með það fyrir augum að auka færni hans í tungumálinu og efla sjálfstraust hans. Þjálfun í lestri og ritfærni eykst samhliða töluðu máli. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður og þjálfni hann í að geta haldið uppi samræðum og gert sig sem best skiljanlegan á íslensku.

2.2 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 5.

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Skilningur.

Nemandi getur skilið aðalatriði venjulegs talmáls um kunnugleg efni.

Dæmi:

- bregst rétt við leiðarlýsingum;*
- bregst rétt við fyrirmælum varðandi vinnu;*
- fylgist með samræðum og skilur samhengið.*

Nemandi getur lesið og skilið texta um kunnugleg efni.

Dæmi:

- les og skilur texta um daglegt líf, t.d. persónuleg bréf;*
- les og skilur einfaldar leiðarlýsingar, leiðbeiningar og auglýsingar;*
- les og skilur einfaldar lýsingar og fyrirmæli tengd vinnu eða skóla, t.d. bréf frá skóla, foreldra- og íþróttafélagi.*

Talað mál.

Nemandi hefur á valdi sínu orðaforða sem snertir dagleg málefni.

Dæmi:

- getur keypt, skilað og skipt hlutum;*
- lýsir persónum, hlutum og umhverfi;*
- getur útskýrt hvernig á að gera hluti;*
- spyr um og útskýrir atriði sem snerta starf viðkomandi.*

Nemandi getur lýst á einfaldan hátt persónulegri reynslu sinni, væntingum og framtíðaráformum.

Dæmi:

*segir frá ætlunum sínum og löngunum;
lýsir persónulegri reynslu;
lætur í ljós og bregst við tilfinningum.*

Ritun.

Nemandi getur skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.

Dæmi:

*skrifar skilaboð og greinir frá upplýsingum;
skrifar einfaldan texta og biður um upplýsingar;
skrifar lýsingu á sjálfum sér og fjölskyldunni;
skrifar stuttlega um daglegt líf, skóla, vinnu og áhugamál.*

3. 6. áfangi – 60 klukkustundir.

ÍFÚ 6.

3.1 *Áfangalýsing.*

Áfanginn miðast við þarfir þeirra sem hafa nokkuð góða undirstöðu í tungumálinu. Haldið er áfram að þjálfa þætti sem snúa að þörfum nemandans í daglegu lífi, vinnu og skóla. Áherslan í þessum áfanga liggur þó á samfélagsleg og menningarleg viðfangsefni með það fyrir augum að efla samfélagslega vitund nemans og hjálpa honum að falla betur inn í íslenskt samfélag. Nemendur eru hvattir til að fylgjast daglega með fréttum og menningartengdu efni og taka þátt í samræðum þar að lútandi. Nemendur eru einnig þjálfaðir í að tala óundirbúnir um efni sem þeim er kunnuglegt og færa nokkur rök fyrir máli sínu. Þjálfun í lestri og ritfærni eykst samhliða töluðu máli. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður og þjálfu hann í að geta haldið uppi samræðum af nokkru öryggi og gert sig betur skiljanlegan á rituðu máli.

3.2 *Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 6.*

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Skilningur.

Nemandi getur skilið aðalatriði venjulegs talmáls sem snerta fréttir, fræðslu- og menningarlegt efni í ljósvaka- og stafrænum miðlum.

Dæmi:

*fylgist með fréttum og endursegir aðalatriðin;
hlustar/horfir á fræðslutengt efni og svarar spurningum varðandi það;
fylgist með menningarlegu efni og skýrir frá því, t.d. skemmtiþáttum og kvikmyndum.*

Nemandi getur lesið og skilið aðalatriði úr textum um samfélagslegt efni.

Dæmi:

*fréttir í dagblöðum;
les atvinnuauðlýsingar;
les um lýsingar á atburðum, tilfinningum og væntingum, t.d. í einkabréfum.*

Talað mál.

Nemandi getur óundirbúinn tekið þátt í umræðum um kunnuglegt efni.

Dæmi:

*fjallar um fréttir;
útskýrir skoðanir sínar, t.d. um málefni líðandi stundar;
segir frá venjum og siðum í heimalandinu;
ræðir um málefni sem tengjast fjölskyldu, starfi og áhugamálum;
rökstyður stuttlega fyrirætlanir sínar og ákvarðanir.*

Ritun.

Nemandi getur skrifað einfaldan samfelldan texta.

Dæmi:

*svarar auglýsingu og sækir um vinnu;
greinir frá staðreyndum og útskýrir vandamál;
skýrir frá atburði;
lætur í ljós skoðanir sínar og tilfinningar í rituðu máli.*

4. 7. áfangi – 60 klukkustundir.

ÍFÚ 7.

4.1 Áfangalýsing.

Áfanginn miðast við þarfir þeirra sem hafa nokkuð góða undirstöðu í tungumálinu. Haldið er áfram að þjálfa þætti sem snúa að þörfum nemandans í daglegu lífi, vinnu og skóla. Áherslan í þessum áfanga er þó sem fyrr á samfélagsleg og menningarleg viðfangsefni. Nemendur eru þjálfaðir í að undirbúa kynningu um efni sem þeir þekkja og færa rök fyrir máli sínu. Ríkari áhersla er á lesskilning og orðaforðinn dýpkaður með auknum lestri, svo sem á sögum og fræðsluefni. Einnig eru nemendur æfðir í að skrifa um það sem þeim er kunnuglegt. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður.

4.2 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 7.

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Skilningur.

Nemandi getur lesið og skilið aðalatriði í almennum textum sem fjalla um menningarleg og samfélagsleg málefni.

Dæmi:

*sækir sér efni á netinu;
les stuttar greinar í dagblöðum og tímaritum;
les dreifibréf, bréf frá opinberum aðilum og upplýsingarit;
les sögur á einföldu máli.*

Talað mál.

Nemandi getur undirbúið og flutt stutta kynningu.

Dæmi:

*greinir frá atburðarás;
segir frá óvæntu atviki;
fjallar um staði og ferðalög;
ræðir um atvinnuhætti;
talar um bækur, kvikmyndir og sögur.*

Ritun.

Nemandi getur skrifað stutta samfellda lýsingu.

Dæmi:

*lýsir óvæntu atviki;
skrifar um staði og ferðalög;
gerir grein fyrir atvinnuháttum í heimalandi sínu;
skrifar stutta endursögn úr sögu eða kvikmynd.*

5. 8. áfangi – 60 klukkustundir.

ÍFÚ 8.

5.1 Áfangalýsing.

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa töluverða þekkingu á íslensku máli. Áhersla er lögð á að auka orðaforða með lestri fjölbreytilegra texta og að þjálfa nemendur í að tjá sig munnlega og skriflega. Þátttakendur þjálfast í að skrifa almenna og nokkuð sérhæfða texta og eru hvattir til að nýta sér hjálpargögn, s.s. orðabækur og handbækur um íslenskt mál. Fjallað er um uppbyggingu málkerfisins

og framburð á íslensku máli. Nemendur æfast einnig í að beita mismunandi málsniðum. Áfram er lögð áhersla á aukinn skilning þátttakenda á íslenskri menningu og íslenskt samfélag.

5.2 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 8.

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitiletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Skilningur.

Nemandi getur skilið þegar fjallað er um efni sem hann þekkir lítið til.

Dæmi:

*skilur skilaboð og tilkynningar um margbreytilegt efni;
skilur aðalatriðin í flestu sjónvarpsefni, t.d. í viðtals- og heimildarþáttum um málefni almenns eðlis;
les sérhæfðar leiðbeiningar, t.d. um vinnutengt efni;
les og skilur flókna texta með hjálp orðabóka.*

Talað mál.

Nemandi getur tekið þátt í venjulegum samtölum og notað viðeigandi málfar.

Dæmi:

*talur um persónuleg, menningarleg og félagsleg málefni og notar fjölbreyttan orðaforða;
getur hrósað og kvartað yfir vöru eða þjónustu;
bregst á öruggan hátt við mismunandi tilfinningum og viðhorfum;
útskýrir skoðanir sínar á mismunandi hátt;
getur nýtt sér framburðarleiðsögn.*

Ritun.

Nemandi getur skrifað samfelldan texta um persónuleg, menningarleg og félagsleg málefni.

Dæmi:

*skrifar um atburði og persónulega reynslu af nokkurri nákvæmni;
greinir skriflega frá fréttum eða málefni líðandi stundar;
beitir á viðeigandi hátt hugtökum um tilfinningar og skoðanir;
notar orðabækur, málfræðibækur og handbækur um íslensku á markvissan hátt.*

6. 9. áfangi – 60 klukkustundir.

ÍFÚ 9.

6.1 Áfangalýsing.

Áhersla er lögð á að auka málfærni, orðaforða og trú nemenda á eigin málfærni. Þeir lesa fjölbreytilega texta, almenna og sérhæfða, flytja stuttar kynningar og skrifa margvísleg ritunarverkefni þar sem gerð er krafa um mismunandi málsnið. Málfræði er kennd í samhengi við málnotkun nemenda. Mikil áhersla er lögð á skýra framsögn og tjáningu. Áfram er fjallað um uppbyggingu málkerfisins og nemendur þjálfaðir í íslenskum framburði.

6.2 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 9.

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitiletruð en færnimarkmið skáletruð).

Skilningur.

Nemandi getur fylgst með umræðum í hópi þegar talað er á venjulegum hraða.

Dæmi:

*getur fylgst með rökræðum um þekkt umræðuefni;
skilur mismunandi blæbrigði tungumálsins, t.d. kímni, gagnrýni, kaldhæðni.*

Nemandi getur lesið flesta almenna texta.

Dæmi:

*les og skilur einfaldar afþreyingarbókmenntir;
les og skilur einfalda fagtexta sem tengjast sérsviði viðkomandi.*

Talað mál.

Nemandi getur tekið þátt í hópumræðum og beitt viðeigandi tilsvörum.

Dæmi:

*rökstyður skoðanir sínar með viðeigandi orðum og dæmum;
beitir og bregst við mismunandi raddblæ;
áttar sig á og bregst við mismunandi sjónarhornum;
undirbýr og flytur vel upp byggða kynningu með nokkurri nákvæmni og svarar fyrirspurnum;
tekur þátt í atvinnuviðtölum.*

Ritun.

Nemandi getur skrifað mismunandi tegundir af textum af nokkurri nákvæmni.

Dæmi:

*svarar skriflega spurningum úr almennum textum;
skrifar útdrátt úr greinum um þekkt efni;
skrifar stutta umfjöllun um kvikmynd eða bók;
skrifar stuttan texta þar sem koma fram rök með og á móti;
beitir málnotkunarreglum í skrifum.*